



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn velferðarsviðs um tillögu fulltrúa Framsóknar um stofnun stýrihóps um samþætta þjónustu við ungmenni sem eru ekki í virkni

Þann 21. maí 2025 lagði fulltrúi Framsóknar fram svohljóðandi tillögu í velferðarráði:

Borgarfulltrúi Framsóknar leggur til að velferðarráð setji á fót stýrihóp sem skila á tillögum um hvernig megi samþætta þjónustu borgarinnar til að ná betur utan um ungmenni á aldrinum 16-29 ára sem ekki eru í virkni. Lagt er til að horft sé til þróunarverkefnisins Elja virkniráðgjöf, sem starfrækt er í Árborg. Elja miðar að því að styðja ungmenni á aldrinum 16-29 ára við að móta framtíðarsýn og setja sér markmið og stuðlar að því að öll ungmenni fái þann stuðning sem þau þurfa til að geta vaxið, orðið sjálfstæð og náð að aðlagast félagslega. Áhersla er jafnframt lögð á að efla almenna vellíðan og lífsgæði ungmenna með einstaklingsmiðaðri og heildstæðri nálgun.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Umsögn:

Á fundi velferðarráðs þann 6. desember 2023 var lagt fyrir minnisblað um stöðu einstaklinga sem hvorki eru í námi, þjálfun né starfi (NEET-hópin), sjá fylgiskjal 1. Í minnisblaðinu var m.a. farið yfir þjónustu Reykjavíkurborgar fyrir hópinn. Jafnframt var vakin athygli á tveimur stýrihópum sem voru að störfum. Annar hópurinn hafði það verkefni að móta virknistefnu og hinn hópurinn að endurskoða starfsemi Hins hússins. Ekki liggja fyrir útgefnar loka skýrslur úr þessum vinnuhópum.

Í dag er í undirbúningi vinnulýsing fyrir starfshóp sem ætlað er að móta verklag um hvernig hægt er að tryggja betur flæði þjónustu fyrir aldurinn 14-18 ára innan miðstöðva Reykjavíkurborgar og á milli grunn- og framhaldsskóla án þjónusturofs í takt við verkferla Betri borgar fyrir börn og innleiðingar farsældarlaganna. Ráðgert er að í vinnuhópnum sitji fulltrúar miðstöðva, Barnaverndar, Keðjunnar og Hins hússins og að hópurinn skili inn tillögum í lok september/október.

Í dag er að störfum ofbeldisvarnahópur á vegum félags- og húsnæðismálaráðuneytisins sem í situr forvarnarfulltrúi Reykjavíkurborgar. Velferðarsvið á einnig fulltrúa í undirhópi sem er að fjalla um NEET-hópin. Í maí 2025 var samráðsfundur forvarnar- og





frístundafulltrúa sveitarfélaga og lögreglu þar sem m.a. var farið yfir störf og úrræði fyrir 17 ára ungmenni.

Það er mat velferðarsviðs að mikilvægt sé að rýna vinnu fyrrnefndra tveggja stýrihópa áður en stofnaður er annar stýrihópur. Eins er mikilvægt að fyrir liggi niðurstöður fyrrnefndra vinnuhópa/starfshópa á vegum Reykjavíkurborgar og ríkis. Mikilvægt er að samfella verði í vinnu Reykjavíkurborgar varðandi þennan mikilvæga hóp og að verkefnum sé lokið áður en ný verkefni eru hafin.

Í tillögu fulltrúa Framsóknar er vakin athygli á þróunarverkefninu Elju virkniráðgjöf sem starfrækt er í Árborg til að styðja ungmenni á aldrinum 16-19 ára. Um er að ræða afar áhugavert verkefni. Lagt er til að fulltrúum velferðarsviðs í fyrrnefndum starfshópum verði falið að afla frekari upplýsinga/fræðslu frá Árborg um verkefnið og reynslu þess. Jafnframt að velferðarsviði verði falið í byrjun desember að gera grein fyrir niðurstöðum og tillögum starfshópanna og þá tekin ákvörðun um hvort stofna þurfi til stýrihóps sem falið verður að samþætta þjónustu borgarinnar til að ná betur utan um ungmenni á aldrinum 16-29 ára sem ekki eru í virkni.

Fylgiskjal:

Minnisblað um stöðu einstaklinga sem eru hvorki í námi, þjálfun né starfi (NEET-hópurinn), dags. 6. desember 2023.



Reykjavík